



## Fundargerð 8. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

**Staður og tími:** Engjavegur 6 og Zoom, þriðjudaginn 25. apríl kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Aðalsteinn Símonarson (AS), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson, Halldór Viðar Hauksson (HVH), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

**Mættir varamenn:** Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Kolbrún Vignisdóttir (KV).

**Fjarverandi:** Halldór Jóhannsson (HJ) aðalmaður.

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Starfsmaður fyrir AKÍS - staða umsókna

TMB fór yfir vinnu starfshópsins sem á síðasta stjórnarfundum tók að sér að taka viðtöl við fjóra valda umsækjendur, en ekki hefur náðst í einn af þeim.

Aðilar í hópnum eru sammála um að einn viðmælenda þeirra hefði skarað framúr og óska eftir heimild stjórnar til að fara með viðræðurnar á næsta stig.

Málið var rætt ítarlega og ákveðið að vinna starfslýsingu sem lögð yrði til grundvallar frekari viðræðum við umsækjendur, jafnframt því sem ákveðið yrði hvaða laun yrðu í boði fyrir starfið.

AHH og KV komu á fundinn undir þessum lið.

### 2. Frá gjaldkera

Skýringar hafa fengist á reikningum sem gjaldkeri sendi fyrirspurn á stjórn varðandi. Hins vegar stendur út af borðinu reikningur frá ÍBR Viðburðir uppá kr. 296.985 sem fá þarf skýringu á.

### 3. Íþróttaping 2023

Þingið verður haldið í Hafnarfirði 5. og 6. maí næstkomandi. Dagskrá og tillögur á þinginu liggja fyrir [hér](#). Meðal annars eru tillögur um breytingar á lögum ÍSÍ og úthlutunarreglum Íslenskrar Getspár.

Ákveðið að stjórnarmenn kynni sér fyrirbyggjandi gögn og komi með ábendingar um áherslur og ákvarðanir á fundi stjórnar í næstu viku.

### 4. Viðbragðsáætlun AKÍS vegna atvika og áfalla

AHH og HRR fóru yfir stöðu málsins hjá hópnum, en drög eru á teikniborðinu.

Tillögur hópsins að viðbragðsáætlun og öðru sem til þarf mun liggja fyrir á fundi stjórnar í næstu viku.



## 5. Esport Olympic Series

TMP leggur til að haldin verði formleg kynning á fulltrúa Íslands í Esport Olympic Games í húsnæði GT akademíunnar miðvikudaginn 3. maí n.k. og verði fjölmiðlum og fleirum boðið. Veittar verði viðeigandi veitingar á viðburðinum og kostnaði haldið undir 20.000 krónur sem AKÍS greiði.

Tillagan var samþykkt.

## 6. Verkefnalisti stjórnar

Fjórir stjórnarmenn hafa sent TMP sínar tillögur og verður gerður sameiginlegur listi sem aðgengilegur verður stjórn síðar í kvöld.

Samþykkt að á fundi stjórnar 2. maí verði atriðum á listanum forgangsraðað og settar tímasetningar á áætluð lok helstu verkefna.

## 7. Önnur mál

**Námskeið** - AS upplýsir að tafir hafi orðið á gerð námskeiðsefnis fyrir námskeið fyrir keppnisstjóra annars vegar og dómnefndarfólk hinsvegar, og ljóst sé að fyrri umtalaðar dagsetningar muni ekki nást. Vonast er til að hægt verði að ljúka þeim með verkefnafundum og prófum fyrir miðjan maí.

**Erindi til AKÍS** - HVH krefst þess að öllum erindum sem berist sambandinu verði deilt með stjórninni.

**Keppnisráð** - Afar fáar tilnefningar hafa borist frá aðildarfélögum um aðila í keppnisráð. TMP hefur í tvígang sent áminningarpóst á alla formenn um málefnið. Hann mun hafa samband við formenn á næstu dögum og ítreka skyldu þeirra að tilnefna.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 2. maí kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 21.26